

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1634****2021/EES/26/26****frá 4. nóvember 2020**

um leyfi til að setja á markað sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾ um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.
- 3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.
- 4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/206 ⁽³⁾ var leyft að setja á markað aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktan safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og skrá Sambandsins yfir nýfæði breytt.
- 5) Hinn 22. nóvember 2019 lagði fyrirtækið Carbosse Naturals NV (hér á eftir nefnt umsækjandinn) beiðni fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 um að fá að setja sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór fram á að notkun almennings á sykrum, sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.), yrði sem innihaldsefni.
- 6) Sykrurnar eru fengnar með þurrkunarferli eða hreinsunarferli sem fjarlægir umframraka og aðra efnisþætti sem eru í þykktum safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L.
- 7) Framkvæmdastjórnin taldi að ekki væri nauðsynlegt að Matvælaöryggisstofnun Evrópu gerði öryggismat á fyrirleggjandi umsókn í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Sykrurnar, sem eru fengnar úr þykktum safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. með þurrkun eða hreinsun, eru nákvæmlega eins og sykrurnar sem eru í aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) frá náttúrunnar hendi og samanstanda aðallega af glúkósa og frúktósa en löng reynsla er af öruggri notkun þeirra í matvæli og því hefði leyfi fyrir þeim ekki í för með sér breytingar á öryggissjónarmiðum sem studdu leyfið fyrir þykktum safu úr aldinkjöti sem hefðbundin matvæli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 367, 5.11.2020, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtuð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/206 frá 14. febrúar 2020 um leyfi til að setja á markað aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktan safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtuð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 66).

- 8) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að tillögð notkun og notkunarmagn nýfæðisins sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) sé í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.), eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færðar á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“ „glúkósi sem er fenginn úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“ eða „frúktósi sem er fenginn úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“ eftir því hvaða form er notað.“	

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)	<p>Lýsing/Skilgreining: Sykrurnar eru fengnar úr þykktum safu af aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.), annaðhvort með þurrkunarferli eða hreinsunarferli, til að framleiða glúkósa eða frúktósa af miklum hreinleika.</p> <p>Sykrur sem eru framleiddar með þurrkunarferli Næringarfræðileg samsetning: Heildarsykurinnihald (g/100g): > 80 Raki (%): < 5 Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarlíftala (loftháð) (cfu/g): < 10⁴ Myglu- og gersveppir (cfu/g): < 50 Iðrabakteríur (CFU/g): < 10 <i>Salmonella</i> spp.: Finnst ekki í 25 g <i>Alicyclobacillus</i>: Finnst ekki í 50 g Hita- og sýrusæknar bakteríur: Finnst ekki í 50 g</p> <p>Sykrur sem eru framleiddar með hreinsunarferli Næringarfræðileg samsetning glúkósa sem er fenginn úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.): Glúkósainnihald (%): > 93 Aska (%): < 0,2 Raki (%): < 1,0 Næringarfræðileg samsetning frúktósa sem er fenginn úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.): Frúktósainnihald (%): > 98 Glúkósainnihald (%): < 0,5% Aska (%): < 0,2 Raki (%): < 0,5 Örverufræðilegar viðmiðanir fyrir glúkósa og frúktósa sem eru fengnir úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.): Heildarlíftala (loftháð) (cfu/g): < 10⁴ <i>Salmonella</i> spp.: Finnst ekki í 25 g“</p>